



Akraneskaupstaður

Varðandi: Tjaldsvæði Akraness 2016

Málsnúmer: 1604198

Dagsetning: 25. maí 2016

BEIÐNI

Óskað er eftir fjárheimild samtals kr. 2.000.000 til kaupa á nýjum leiktækjum á Tjaldsvæðið í Kalmansvík. Um er að ræða fjárfestingu.

GREINARGERÐ:

Tjaldsvæðið í Kalmansvík verður vinsælla með hverju ári sem líður. Fjöldi gesta árið 2015 fór yfir 3000 talsins og fjöldi gistenótta yfir 5000. Fyrir opnum tjaldsvæðisins í ár voru gerðar úrbætur á salernisaðstæðum, skipt var um dúka, sturtur og klósettkassa. Einnig voru salernisgámarnir lagfærðir að utan. Framundan er að setja upp fallegt skilti á þjónustuhús svæðisins sem tekur á móti ferðamönnum sem heimsækja tjaldsvæðið. Við undirbúning á opnum tjaldsvæðisins í sumar var einnig gerð úttekt á leikkastala og rólum sem eru á svæðinu. Rólurnar voru lagfærðar en kastalinn var fjarlægður sökum ástands en af honum stafaði hætta og var tímaspursmál þangað til einhver myndi slasa sig í honum. Fengið var álit hjá þeim sem seldu Akraneskaupstað kastalann á sínum tíma og miðað við kostnað við lagfæringu og aldur kastalans þá borgar það sig frekar að fjárfesta í nýjum tækjum á svæðinu fremur en standa straum af kostnaði í að laga u.p.b. 25 ára gamlan kastala. Umræddur kastali var eitt sinn í notkun í Brekkubæjarskóla.

Verkefnastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs ásamt garðyrkjustjóra hafa skoðað ýmsar útfærslur leiktækja fyrir svæðið. Áætlað er að kostnaður nemi kr. 2.000.000, þar af kr. 1.500.000 í kaup á nýjum tækjum og kr. 500.000 í framkvæmd við að koma þeim niður á tjaldsvæðinu.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir
Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri

